

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings eystra nr. 294/2010 með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. samþykktarinnar:

- a) Við B-lið bætist nýr töluliður svohljóðandi: *Skipulags- og byggingarnefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
- b) 4. og 5. tölul. C-liðar falla brott og 6. og 7. tölul. verða 4. og 5. tölul.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 17. október 2012.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.